



Um skatttekjur nærsamfélaga af raforkuvinnslu í Noregi

Ketill Sigurjónsson, Askja Energy Partners ehf.

4. október 2013




EFNI

- a) Hver eru sameinkenni orkugeira Íslands og Noregs?
- b) Hver er helsti munurinn – hvað er ólíkt?
- c) Hvernig er skattkerfið í norska raforkuiðnaðinum?
- d) Skilar þetta skattkerfi miklu til nærsamfélaga virkjana?
- e) Mætti notast við sambærilegt skattkerfi hér á landi ?


ÍSLAND OG NORREGUR ERU MESTU RAF-ORKUFRAMLEIÐENDUR Í HEIMI (PER CAPITA)

1. Ísland	52 þúsund kWst
2. Noregur	27 þúsund kWst
3. Kanada	18 þúsund kWst
4. Katar	17 þúsund kWst
5. Kuwait	17 þúsund kWst
6. Svíþjóð	16 þúsund kWst
7. Finnland	15 þúsund kWst
8. Bandaríkin	14 þúsund kWst
9. UAE	14 þúsund kWst
10. Bahrain	12 þúsund kWst




ÍSLAND OG NORREGUR ERU MESTU VATNSAFLSRÍKI VERALDAR (PER CAPITA)

- | | |
|-----------------|----------------|
| 1. Ísland | 38 þúsund kWst |
| 2. Noregur | 27 þúsund kWst |
| 3. Kanada | 11 þúsund kWst |
| 4. Paraguay | 10 þúsund kWst |
| 5. Svíþjóð | 7 þúsund kWst |
| 6. Nýja Sjáland | 7 þúsund kWst |
| 7. Sviss | 5 þúsund kWst |
| 8. Austurríki | 5 þúsund kWst |
| 9. Finnland | 3 þúsund kWst |
| 10. Kyrgyzstan | 3 þúsund kWst |



NORSKI ORKUGERIRINN: OPINBERT EIGNARHALD YFIRGNÆFANDI - EINS OG HÉR



VERÐMYNDUN Á RAFORKU ER MEÐ ÖÐRUM HÆTTI Í NORREGI EN Á ÍSLANDI

Sameiginleg einkenni:


- Bæði Ísland og Noregur byggja mjög á vatnsaflí.
- Eignarhald á virkjunum er með svipuðum hætti.

Ólíkar aðstæður:

- Mikil samkeppni og raforkukauphöll (Nord Pool Spot).
- Úrkoma /burrkar geta haft mikil áhrif á raforkuverðið í Noregi, en slíkt hefur ekki gerst á Íslandi.
- Raforkuverð er oft mikið hærra í Noregi en hér.

HEILDSÖLUVERÐ Á RAFORKU Í NORREGI ER OFT MIKIÐ HÆRRA EN HÉR Á LANDI

Figure 3. Prices of electric energy, taxes and grid rent excluded



Source: Statistics Norway.

NORSKA SKATTKERFIÐ – BAKGRUNNURINN

GRUNDVALLARSJÓNARMIÐIN AÐ BAKI SKATTKERFINU Í
NORSKA RAFORKUGEIRANUM:

- Vatnsföllin eru auðlind sem háð er **einkaeignarétti**, rétt eins og almenna reglan er á Íslandi.
- **Öll þjóðin** á þó rétt á að njóta verulegs hluta arðsins af vatnsaflinu, sem að vissu leyti er sameiginlega auðlind þjóðarinnar; stærstan hluta er að rekja til hálendisins.
- **Nærsamfélög virkjana og vatnsfalla** eiga sérstaklega ríkan rétt til að njóta arðs af auðlindinni.

NORSKA SKATTKERFIÐ – HÁ SKATTLAGNING

- Verðið sem norsku raforkufyrirtækin fá fyrir framleiðslu sína er oftast mikið hærra í Noregi en hér.
- Norsku virkjanirnar eru þar að auki almennt eldri en þær íslensku og því oft löngu upp greiddar.



**MIKILL HAGNAÐUR MYNDAST
Í NORSKU RAFORKUFRAMLEIÐSLUNNI.**

- Þessi mikli hagnaður er skattlagður allt að 70%.
- Talsverður hluti skattlagningaráinnar er bundinn raforkuframleiðslunni og er óháður raforkuverði.

NORSKA SKATTKERFIÐ – SKATTARNIR

- 1. Tekjuskattur
 - 2. Grunnrentuskattur
 - 3. Auðlegðarskattur
 - 4. Náttúruauðlindaskattur
 - 5. Eignarskattur
 - 6. Leyfistengd raforka
 - 7. Leyfisgjöld
-
- Til ríkisins
- Til fylkja og sveitarfélaga.
- Til ríkisins, fykja en einkum sveitarfélaga.

NORSKA SKATTKERFIÐ – SKIPTING TEKNA

- SKATTARNIR SKIPTAST MILLI RÍKIS, FYLKJA OG SV.FÉLAGA.
- SKATTARNIR SKIPTAST EKKI Í FÖSTUM HLUTFÖLLUM.
- HLUTFALLIÐ RÆÐST AF RAFORKUVERÐI HVERJU SINNI.
- REYNT AÐ TRYGGJA STÖÐUGAR TEKJUR SV.FÉLAGA/FYLKJA.

HLUTFÖLLIN SEM SKATTARNIR SKIPTAST VENJULEGA Í:

- Ríki: 45-55% (oft miklar sveiflur í fjárhæð)
- Fylki: 5-10%
- Sveitarfélög: 35-55% (en litlar sveiflur í fjárhæð)

TEKJUSKATTUR

- **Tekjuskattur** sem vatnsaflsfyrirtækin í Noregi greiða er eins og almennur fyrirtækjaskattur.
- Hann nemur 28% af hagnaði fyrirtækjanna.
- Tekjuskatturinn rennur til ríkisins.
- Upphæðin er mjög breytileg milli ára því hagnaður fyrirtækjanna sveiflast verulega vegna mikilla sveiflna á raforkuverði (ræðst af úrkomu og fleiri atriðum).
- Raforkukaupendur geta þó samið um fast verð; þá hvílir áhættan af verðsveiflunum á raforkusalanum.

GRUNNRENTUSKATTUR

- **Grunnrentuskattur** er sérskattur á vatnsaflsfyrirtæki. Skatturinn virkar sem viðbótarskattur á tekjur sem skilgreindar eru sem umframhagnaður / auðlindarenta.
- Skatturinn var lögfestur 1997 (skynsamleg fyrirhyggja).
- Skatturinn er reiknaður af hverri virkjun fyrir sig.
- Grunnrentuskatturinn nemur 30%.
- Grunnrentuskattur rennur til ríkisins.
- Upphæð grunnrentuskatts er afar breytileg vegna sveiflna á raforkuverði.

NÁTTÚRUAUÐLINDASKATTUR

- Náttúruauðlindaskattur er sérstakur skattur sem reiknast á vatnsaflsvirkjanir.
- Skatturinn nemur fastri upphæð á hverja framleidda kWst.
- Viðtakendur skattsins eru nærsamfélög virkjana og virkjaðra vatnsfalla.
- Um 85% skattsins rennur til sveitarféaga.
- Um 15% skattsins rennur til fylkja.
- Skatturinn er afar þýðingarmikill fyrir nærsamfélögin.
- Hér á landi myndi sambærilegur skattur geta skilað nokkrum milljörðum ISK, sem rynnu þá til nærsamfélaga.

EIGNARSKATTUR

- Eignarskattur á virkjanir og dreifilerfi í Noregi getur numið 0,7% af verðmæti virkjunar / dreifikerfis.
- Sveitarfélög þurfa að taka sérstaka ákvörðun um að leggja skattinn á.
- Skatturinn er víða innheimtur vegna virkjana, en einungis í helmingi tilvika vegna dreifikerfa.
- Viðtakendur eignarskattsins geta verið öll þau sveitarfélög sem hafa virkjunarmannvirki /dreifikerfi innan lögsögunnar.
- Eignarskatturinn skiptir sveitarfélögin miklu máli; hann skilar ennþá hærri fjárhæðum en náttúruauðlindaskatturinn.

AUÐLEGÐARSKATTUR

- Er 1,1% og leggst á tiltekna eign umfram skuldir.
- Auðlegðarskattur leggst ekki á norsk *hlutafélög*.
- Hann skiptir því litlu máli í norska vatnsaflsiðnaðinum.

LEYFISTENGD RAFORKA

- Sá sem fær virkjunarleyfi þarf að sæta því að afhenda sveitarfélögum sem liggja að viðkomandi vatnsfalli allt af 10% raforkunnar á kostnaðarverði.
- Samsvarandi skilyrði gildir um afhendingu á 5% af raforkunni til ríkisins, en því hefur ekki verið beitt.
- Hér á landi myndi þetta þýða að sveitarfélög hér fengju nú um 1,75 TWst af raforku afhenta á ári á kostnaðarverði, sem þau gætu síðan selt áfram.
- Vegna lágs raforkuverðs hér yrði þetta þó ekki jafn mikil hagnaðarlind eins og hjá sveitarfélögum í Noregi.

LEYFISGJÖLD

- Sá sem fær virkjunarleyfi þarf að sæta því að greiða sérstakt gjald á ári hverju, s.k. leyfisgjald.
- Gjaldið rennur að stærstum hluta til sveitarfélaga.
- Viðtakendur eru öll sveitarfélög á vatnasvæði virkjunarinnar.
- Leyfisgjöldin eru föst upphæð af framleiddri kWst.
- Þetta er umtalsverð tekjulind fyrir sveitarfélögin.
- Samsvarandi gjald á Íslandi gæti skilað sveitarfélögum hér um 2 milljörðum ISK á ári.

MYNDI SAMBÆRILEGT SKATTKERFI HENTA HÉR Á LANDI?

**SVAR:
VARLA AÐ ÖLLU LEYTI
EN MÖGULEGA AÐ HLUTA**

ALLT AÐRAR AÐSTÆÐUR HÉR Á LANDI

- SAMA SKATTKERFI VART RAUNSÆTT

- Sökum þess hversu markaðsaðstæður hér eru mjög frábrugðnar, hentar norska skattkerfið vart hér óbreytt.
- Engu að síður er raunhæft að nýta tiltekna hluta úr norska skattkerfinu hér á landi.
- Tilgangurinn gæti t.d. verið sá að leggja meiri áherslu á arðsemi og um leið hagsmuni nærsamfélaga virkjana.
- Að auki gæti verið skynsamlegt að undirbúa upptöku grunnrentuskatts hér á landi (en það var ekki gert hér í tengslum við kvótakerfið).

HUGMYND AÐ SKATTKERFI Í RAFORKUGEIRANUM Á ÍSLANDI

- Breytt skattkerfi gæti virkað sem hvati til að virkjanir hér nái fram sem allra mestri arðsemi.
- Skatttekjur sveitarfélaga af raforkuframleiðslunni yrðu mikilvægari en það eitt að raforkan skapi störf og því yrði stóriðja ekki jafn eftirsóknarverð.
- Skatttekjurnar gætu sveitarfélögin nýtt til að styrkja innviði sína, lækka útsvar eða til annarra verka.
- Einfaldasta „upptaka“ á norska skattkerfinu gæti falist í tilteknu gjaldi af hverri framleiddri kWst, en þó mikilvægt að tengja þetta orkuverðinu (þ.e. arðsemi).

HUGMYND AÐ SKATTKERFI Í RAFORKUGEIRANUM Á ÍSLANDI

- Viðtakendur gjaldsins gætu verið:
 - öll sveitarfélög á vatnasvæði virkjunar,
 - öll sveitarfélög með virkjunarmannvirki innan lögsögu sinnar (skurði, jarðgöng o.s.frv),
 - öll sveitarfélög með raforkuflutningskerfi innan sinnar lögsögu.
- Gjaldið gæti alls numið nokkrum milljörðum ISK og myndi hækka með hækkandi heildsöluverði á raforku.
- Gjaldið mætti nefna orkuauðlindagjald eða - skatt.

RAUNHÆFUR STÓR TEKJUSTOFN

Niðurstaðan:

Það er hægt að gera breytingar á skattkerfi raforkuiðnaðarins hér, sem í senn myndu *skila nærsamfélögum virkjana mikum tekjum OG vera hvati til að auka arðsemi í raforkuframleiðslunni hér, sem myndi verða þjóðinni allri til hagsbóta*; m.ö.o. þjóðhagslega hagkvæmt.